

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. Umferð:

- Á Hlíðarbraut er einstefna frá norðri til suðurs.
- Á Holtsgötu er einstefna frá austri til vesturs.
- Á torgi við Breiðvang er einstefna og hringakstur frá hægri til vinstri.
- Umferð um Norðurvang nýtur forgangs fyrir umferð um Breiðvang (biðskylda).

2. Bifreiðastöður:

Bifreiðastöður eru bannaðar á stíg sem liggur að Garðavegi 4B og 4C.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 30. október 1978.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Akureyri:

- Sett hafa verið upp gangbrautarljós á Þingvallastræti við Hrisalund og á Hörgárbraut við innkeyrslu í bæinn. (Skúta).
- Umferð um Geislagötu skal víkja fyrir umferð um Strandgötu og hefur merki (biðskylda) þar um verið sett upp við suðausturhorn Landsbankahúss.
- Ákveðið hefur verið að aðalbækistöð strætisvagna Akureyrar verði við Strandgötu, sunnan húss Ferðaskrifstofu Akureyrar.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 31. október 1978.

Ófeigur Eiríksson.